



MiFID2 Þekking & hæfni

Inga Dröfn Benediktsdóttir



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almenn krafa um þekkingu, hæfni & sérfræðikunnáttu

MiFID1

1. mgr. 6. gr. laga nr. 107/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) (4. mgr. 13. gr. MiFID1) →

- Skipulagi fjármálafyrirtækis skal vera þannig háttað að tryggð sé samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við viðskiptavinum. Í þessu skyni skal fjármálafyrirtæki m.a. nota viðeigandi kerfi og verkferla og hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu.

D-liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 995/2007 (d-liður 1. mgr. 5. gr. innleiðingartilskipunar MiFID1 nr. 2006/73/EB) →

- Fjármálafyrirtæki skal [...] ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin [...]

MiFID2

3. mgr. 9. gr. MiFID2

- Stjórnskipulag verðbréfafyrirtækis skal tryggja að stjórn skilgreini, samþykki og hafi eftirlit með m.a.:
 - skipulagi fyrirtækisins með hliðsjón af veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, þ.m.t. þeirri færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem krafist er af starfsfólki

Level 1

1. mgr. 21. gr. afleiddrar reglugerðar nr. 2017/565

- Verðbréfafyrirtæki skal [...] ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem því er falið

Level 2



Kröfur við fjárfestingarráðgjöf og upplýsingagjöf

1. mgr. 25. gr. MiFID2

- *“Member States shall require investment firms to ensure and demonstrate to competent authorities on request that natural persons giving investment advice or information about financial instruments, investment services or ancillary services to clients on behalf of the investment firm possess the necessary knowledge and competence to fulfil their obligations under Article 24 and this Article. Member States shall publish the criteria to be used for assessing such knowledge and competence.”*

Krafan á við starfsmenn sem sinna ofangreindum verkefnum. Gildir ekki einungis um yfirmenn.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir því að verðbréfafyrirtæki sýni fram á hvernig þessar kröfur eru uppfylltar.

Fjármálaeftirlitið mun birta viðmið sem eru notuð til að meta þekkingu og hæfni.

Viðmiðunarreglur ESMA um mat á þekkingu & hæfni

ESMA Guidelines for the assessment of knowledge and competence

Gildissvið

- Verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða
- Starfsmenn (þ.m.t. einkaumboðsmenn) sem veita:
 - Fjárfestingarráðgjöf
 - Upplýsingar til viðskiptavina um fjármálagerninga, samsettar innstæður, fjárfestingarþjónustu eða viðbótarþjónustu

Markmið viðmiðunarreglnanna

- Aukin fjárfestavernd
- Samræming framkvæmdar í Evrópu
- Viðmið fyrir fyrirtæki
- Tól fyrir eftirlitsstjórnvöld

Lágmarksviðmið

Viðmiðunarreglur ESMA um mat á þekkingu & hæfni

Þekking & hæfni

- Viðeigandi menntun: próf/réttindi/þjálfun sem uppfyllir viðmið reglnanna
- Viðeigandi reynsla: að lágmarki sex mánaða starfsreynsla í fullu starfi við veitingu viðkomandi þjónustu þar sem viðkomandi starfsmaður hefur sýnt fram á getu til að sinna þjónustunni

Undantekning frá viðmiðunum

- Störf undir handleiðslu annarra

Viðmiðunarreglur ESMA um mat á þekkingu & hæfni

Upplýsingagjöf um fjármálagerninga, fjárfestingar- og viðbótarþjónustu krefst þekkingar & hæfni sem tryggir að starfsmenn skilji:

- Megineinkenni, áhættur og eiginleika fjármálagerninga
 - þ.m.t. skattalegar afleiðingar og kostnað tengdum viðskiptunum, sérstaklega hvað varðar flóknari gerninga
- Heildarupphæð kostnaðar og gjalda vegna viðskipta/þjónustu
- Einkenni og inntak þjónustu
- Hvernig fjármálamarkaðir virka
 - hvernig þróun á mörkuðum getur haft áhrif á virði og verð fjármálagerninga og þjónustu
- Áhrif efnahagslegra stærða og atburða á markaði og á virði fjármálagerninga og þjónustu
- Muninn á árangri í fortíð og framtíðarárangri og takmörk þess að gefa út spá
- Álitaefni varðandi markaðssvik og peningaþvætti
- Mismunandi tegundir markaða
 - þar sem við á, viðskiptavettvanga og eftirmarkaði
- Geti metið gögn s.s. KIID, lýsingar, ársreikninga og fjárhagsupplýsingar
- Hafi grundvallarþekkingu á meginreglum um verðmat fjármálagerninga

Viðmiðunarreglur ESMA um mat á þekkingu & hæfni

Veiting fjárfestingarráðgjafar krefst dýpri þekkingar og hæfni til viðbótar sem tryggir að starfsmenn:

- Geti uppfyllt skyldur um mat á hæfi, þ.m.t. sem fjallað er um í viðmiðunarreglum ESMA
- Skilji hvernig sumar tegundir vöru teljast ekki hæfa viðskiptavini á grundvelli upplýsinga frá viðskiptavini, með hliðsjón af mögulegum breytingum á forsendum frá því þeirrar var aflað
- Skilji undirstöðuatriði varðandi stýringu eignasafna, þ.m.t. áhrif fjölþættingar eignasafna þegar kemur að einstökum sérhæfðum fjárfestingum

Viðmiðunarreglur ESMA um mat á þekkingu & hæfni

Skipulag verðbréfafyrirtækja varðandi mat á þekkingu & hæfni, viðhald á þekkingu og símenntun þarf að taka mið af eftirfarandi atriðum:

- Skilgreining á hlutverki og ábyrgð starfa í starfslýsingum
- Fullnægjandi mat á þekkingu & hæfni starfsmanna – að lágmarki árlega
- Fullnægjandi upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins
- Eftirlit með að viðmiðunarreglunum sé fylgt í starfseminni - starfsmenn veiti ekki þjónustu, hafi þeir ekki viðeigandi menntun og hæfni
- Eftirlit með tilsjónarmönnum, að þeir uppfylli kröfur um þekkingu & hæfni með þeim hætti að þeir geti tekið að sér handleiðslu annarra
- Eftirlit með að tilsjónarmenn beri ábyrgð á tilteknum atriðum, s.s. samþykki skýrslur um mat á hæfi við fjárfestingarráðgjöf
- Tryggja þarf að störf undir handleiðslu fari ekki yfir tímamörkin (4 ár eða styttra)

Próf í verðbréfavíðskiptum

53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Kröfur MiFID2 orðnar skýrar og ítarlegar.

Próf í verðbréfavíðskiptum mun taka einhverjum breytingum til að mæta þeim.

Nánari útfærsla kynnt síðar.

Spurningar?



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND